8. bekkur 2026-2027

Nemendur í 8. bekk í ár eru 60 talsins í þremur hópum sem stokkast upp á 12 vikna fresti og því verður horft á 8. bekk sem einn árgang, en ekki sem afmarkaða bekki. Umsjónarkennarar deila ábyrgð með öllum nemendum.

Umsjónarkennarar eru:

- Hafþór Óskarsson
- Lóa Rakel Ellenardóttir
- Nadiia Shalimova

Heimastofur bekkjanna eru í C - álmu - C11, C12, C14

Kennslusvæði nemenda er í raðhúsum, C gangi og neðri hæð C álmu.

Kennsluhættir verða með svipuðu sniði og tíðkast hefur í skólanum undanfarin ár. Hefðbundið skipulag er í dönsku, ensku, lífsleikni og stærðfræði (umsjónarhópur/bekkur hverju sinni) og í smiðju verður aukin hópablöndun og samþætting námsgreina: Samfélagsfræði, íslenska og náttúrufræði í smiðju. Einnig verða sérstakir íslensku og náttúrufræði tímar í töflu. Í smiðju er bekkjum blandað sem að mestu þvert á árganginn. Hver nemandi fær spjaldtölvu til að vinna með í skólanum og við vinnum mestmegnis í classroom umhverfinu en einnig verða notuð verkefnahefti og vinnubækur.

Við notum margvíslegar kennsluaðferðir og leggjum áherslu á fjölbreytni í vali á viðfangsefni og verkefnum. Nemendur vinna ýmist saman eða sjálfstætt. Þar sem færni nemenda liggur á ólíkum sviðum reynum við að bjóða upp á margskonar leiðir til að vinna og skila inn verkefnum. Markmiðið er að hver einstaklingur fái kennslu og verkefni við hæfi.

Nemendur taka áfram aukna ábyrgð á sínu námi og þurfa að passa vel upp á skil á verkefnum og virða skilafrest. Í smiðju lesa nemendur í frjálslestrarbók í 20 mínútur á dag. Einnig fara nemendur í mílu, gönguferð í dalnum flesta daga.

Áhersla er á leiðsagnarnám og námsmat er í formi símats. Öll verkefni og vinna á skólaárinu skipta máli.

8. bekkir velja tvær valgreinar sem eru kenndar hálfan veturinn, tvær stundir á viku.

Áfram er lögð mikil áhersla á gott foreldrasamstarf og Mentor kerfið er áfram nýtt sem samskiptaleið til að auka upplýsingaflæði milli skóla og heimilis. Nú hefur verið sett á símafrí í öllum grunnskólum landsins og biðjum við foreldra að vera með okkur í liði varðandi það.

Við mælum með því að senda póst beint á netfang kennaranna og þá helst alla umsjónarkennara í einu.

hafthor.oskarsson@reykjavik.is

loa.rakel.ellenardottir@reykjavik.is

nadiia.shalimova@reykjavik.is